

## Boðsbréf á 52. þing Norðurlandaráðs æskunnar 2023

Verið hjartanlega velkomin á 52. þing Norðurlandaráðs æskunnar!

Norðurlandaráð æskunnar (UNR) heldur árlegt þing sitt **föstudaginn 27.10.2023 kl. 14 til sunnudagsins 29.10.2023 kl. 16.00** í Ósló í Noregi. Þema þingsins í ár er „Hafið“.

Þing Norðurlandaráðs æskunnar er haldið venju samkvæmt í tengslum við **þing Norðurlandaráðs**. Þingfulltrúar Norðurlandaráðs æskunnar geta einnig tilkynnt að þeir hafi áhuga á að sækja þing Norðurlandaráðs sem fram fer í Ósló dagana 30.10.-2.11.2023.

Aðildarsamtökum Norðurlandaráðs æskunnar og samtökum með áheyrnaraðild er boðið að senda einn fulltrúa hver á þing Norðurlandaráðs æskunnar. Þátttökugjaldið er **250 €** ef skráning fer fram á tímabilinu **26.7-10.9.2023**. Þátttökugjaldið hækkar í **350 €** ef skráð er á tímabilinu **11.9-17.9.2023**. Innifalið í þátttökugjaldi þingfulltrúa er fæði og gisting í tveggja manna herbergi á meðan þing Norðurlandaráðs æskunnar stendur yfir, auk ferðakostnaðar samkvæmt fylgiskjali. Einnig er innifalin gisting fyrir fulltrúa sem sækja þing Norðurlandaráðs á meðan það stendur yfir.

Óski samtök ykkar eftir því að senda fleiri en einn fulltrúa á þingið fylgja þátttökugjöld fyrsta viðbótarfulltrúa fyrir mat og gistingu. Hafið samband við skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar ef þið viljið senda fleiri viðbótarfulltrúa. Aðrir viðbótarfulltrúar greiða sjálfir ferð og gistingu. Viðbótarfulltrúar fá ekki greiddan ferðakostnað.

Skráning fer fram á **rafrænu eyðublaði** sem er að finna á heimasíðu Norðurlandaráðs æskunnar, <https://unginorden.org> og þarf að berast í tölvupósti þegar **skráning opnar 26.7.2023**. Allir fulltrúar þurfa að skrá sig eigi síðar en 17.9.2023. Skráning er bindandi.

Fresti til að skila ályktunartillögum o.s.frv. er að finna meðal meðfylgjandi gagna. Við minnum pólitísk regnhlífarsamtök á kröfuna um að framvísa fundargerð af aðalfundi og þarf hún að berast skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar eigi síðar en í september.

Á Norðurlandaráðsþingi æskunnar gefst einstakt tækifæri til að ræða áhugaverð málefni, miðla af reynslu sinni og mynda tengsl við annað ungt fólk á Norðurlöndum sem tekur virkan þátt í stjórnámálum. Um margra áratuga skeið búa ýmsir ráðamenn að reynslu af störfum innan Norðurlandaráðs æskunnar og að mynda þar mikilvæg tengsl sem nýtast þeim vel. Þér býðst þetta tækifæri ef þú tekur þátt í þingi Norðurlandaráðs æskunnar!

Ef eitthvað er óljóst í boðsbréfinu, upplýsingum um þingið eða á skráningareyðublaðinu, hafið þá endilega samband við skrifstofuna í tæka tíð áður en skráningarfrestur rennur út til þess að við getum aðstoðað ykkur. Verið velkomin á þingið!

Fyrir hönd forsætisnefndar Norðurlandaráðs æskunnar,

Rasmus Emborg  
Forseti

Ina Mickos  
Starfsmaður skrifstofu